

5. Fundur verkefnisstjórnar Brothættra byggða 2

Mætt á fundinn:

Charlotta V Englund, Einar Ingi Einarsson, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Helga Harðardóttir, Hildur Halldórsdóttir, Kristján Þ. Halldórsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Olga Friðriksdóttir, Ólafur Gísli Agnarsson og Thomas Helmig.

Fundur settur kl. 10:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Staða verkefna frumkvæðissjóðs
2. Er tilefni til að uppfæra áherslur/markmið á svæðunum?
3. Kynning á verkefnum í Byggðaráði Norðurlþings
4. Næsta úthlutun
5. Önnur mál

1. Staða verkefna frumkvæðissjóðs

Farið stuttlega yfir öll verkefnin og hver staða þeirra væri á þessum tímapunkti.

Flest verkefni eru komin vel á veg og einu er alveg lokið og búið að skila lokaskýrslu.

Tveimur öðrum er lokið en eftir á að skila lokaskýrslu.

2. Er tilefni til að uppfæra áherslur/markmið á svæðunum?

Núverandi áherslur eru eftirfarandi:

Raufarhöfn & framtíðin

- Sérstæður áfangastaður
- Traustir grunnatvinnuvegir
- Blómstrandi menntun
- Öflugir innviðir

Öxarfjörður í sókn

- Framandi áfangastaður
- Framsækni í matvælaframleiðslu
- Uppbyggilegt samfélag
- Öflugir innviðir

Rætt var um hvort breyta þurfi þessum áherslum og þótti verkefnisstjórninni ekki þörf á því að svo stöddu. Ákveðið var að taka það samtal upp aftur að lokinni annarri úthlutun, fyrir árið 2026.

3. Kynning á verkefnum í Byggðarráði Norðurþings

Rætt var um að fara fyrir Byggðarráð með kynningu á verkefnunum. Mikilvægt væri að kynna verkefnin til að auka umfjöllun um Brothættar byggðir II verkefnið og hvað í því felst. Fundargerðir eru lesnar af mörgum og slík kynning fyrir Byggðarráði gæti verið góð kynning út á við. Tók verkefnisstjórnin undir það og munu Nanna Steina og Einar Ingi (verkefnisstjórar) fara í það.

4. Næsta úthlutun

Rætt var um hvenær byrja ætti að auglýsa fyrir næstu úthlutun. Verkefnisstjórnin var sammála um að byrja snemma og verður líklega byrjað að auglýsa umsóknarferlið í janúar og úthlutun væri í febrúar eða mars.

5. Önnur mál

Rætt var um hvort núverandi styrkþegar geti sótt um aftur þó þeir hafi ekki skilað inn lokaskýrslu fyrir núverandi verkefni. Slíkt hefur hingað til verið leyst með því að viðkomandi aðilar sendi inn stöðumatsskýrslu sem hægt er að nálgast hjá verkefnisstjórum. Í kjölfarið getur styrkþegi sent inn nýja umsókn í viðkomandi frumkvæðissjóð.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11:27

Fundargerð ritaði Einar Ingi